

8./9.fundur Skólanefndar Hrunamannahrepps. Kjörtímabilið 2022-2026, 30.nóv. 2023

5. Skólastefna

-Formáli(c)

Formáli skólastefnunnar er nú tilbúinn og skólastefnan því fullgerð. Skólanefnd samþykkir skólastefnuna og vísar henni til samþykktar í sveitarstjórn.

-Aðgerðaráætlun

Í kjölfar vinnu að skólastefnu sveitarfélagsins þarf að setja upp aðgerðaráætlun til að vinna eftir þegar unnið er að innleiðingu skólastefnunnar. Formaður kynnti fyrir skólanefnd þær leiðir sem Ingvar Sigurgeirsson benti á í sambandi við innleiðingu. Rætt var um hverjir vinna aðgerðaráætlun og sitja þá fundi. Aðilar sem koma að þeirri vinnu skipta með sér verkum í að færa inn í aðgerðaráætlun sem er síðar kynnt fyrir skólanefnd. Katrín sér um að boða til fundar vegna aðgerðaráætlunar og ákveða næstu skref.

6. Erindisbréf(d)

Formaður/sveitarstjóri fór yfir erindisbréf skólanefndar. Nefndin hefur engar athugasemdir varðandi erindisbréf og leggur til við sveitarstjórn að það verði samþykkt.

Málefni Undralands

8. Skýrsla leikskólastjóra Undralands(e)

Skýrsla skólastjóra frá miðjum október til nóvember loka 2023

Málefni barna rædd

Frá og með febrúar 2024 verða um 46 börn í leikskólanum.

Við getum tekið inn börn á vorönn þegar þau eru orðin 15 – 16 mánaða

23. nóvember á starfsdegi var mjög gott skyndihjálparnámskeið. Við borðuðum saman á Hótelinu og á eftir unnum við í smáum hópum og ræddum:

Hvað viljum við sjá í búnaði og viðhaldi innan dyra?

Hvað viljum við sjá í búnaði og viðhaldi utan dyra?

Hvaða áherslur viljum við sjá í leikskólastarfinu;

Agamál

Reglur

Kennslufræðilega verkefni

Hvernig getum við hlúð að skólabrag, bætt hann eða breytt?

3.janúar munum við síðan vinna úr hugmyndunum og njóta til að gera þriggja ára áætlun í viðhaldi og innkaupum. Ræða áfram agastefnuna.

Við erum hægt og rólega að byrja að vinna með blessuð jólin og eina viku í desember ætlum við að hafa kyrrðarviku og kósi hjá okkur.

Næstu verkefni í faglegu starfi.

Kynnast hugmyndum og kenningum um Flæði í leikskólum

Kynnast hugmyndum jákvæðrar sálfræði Skýra og vinna áfram barnastýrða matmálstíma.

Rætt um starfsmannamál

Halda áfram að þróa og bæta enn frekar samstarf leik- og grunn en vaxandi samvinna skilar leikskólanum miklu! Við erum mjög ánægð með það.

Góður og jákvæður andi er í leikskólanum og við tökumst á við áskoranir með opnum huga og jákvæðni. Markmiðið er að leikskólinn verði öflugt lærdómssamfélag þar sem við lærum öll og miðlum til hvers annars.

9. Starfsáætlun og endurmenntunaráætlun Undralands(f)

Áætlanir ræddar, starfsáætlun verður rædd aftur á næsta fundi eftir breytingar sem ræddar voru og starfsáætlun fer einnig fyrir foreldraráð fyrir þann fund.

10. Skólanámskrá Undralands

Leikskólastjóri óskar eftir því að fresta umræðu um Skólanámskrá Undralands til næsta fundar í febrúar.

Stefnt er að næsta fundi fimmtudaginn 8.febrúar 2024 kl 15:00

Fundi slitið kl 16:42

Margret Sævarsdóttir
Jóhanna Elísa Arnardóttir
Halla Gunnarsdóttir

Bergmann S. Hilmarsson

Inge S. S. S.

Katrín Þorvaldsdóttir

Alfeng S. S. S.
Valur Guðmundsd.

Rhar H. H. H.

8./9.fundur Skólanefndar Hrunamannahrepps. Kjörtímabilið 2022-2026, 30.nóv. 2023

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, sem ritaði fundargerð. Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri Flúðaskóla, Halla Gunnarsdóttir fulltrú starfsfólks Flúðaskóla, Margrét Sævarsdóttir fulltrúi foreldra. Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri Undralands, Valný Guðmundsdóttir fulltrúi starfsfólks Undralands, Dagný Lilja Birgisdóttir fulltrúi foreldra Undralands, Helga Jóhanna Úlfarsdóttir fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Sigríður Björk Gylfadóttir boðaði forföll, Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, Elvar Harðarson og Þórmundur Smári Hilmarsson.

Fundarstaður: Flúðaskóli

Fundargögn:

- Skýrsla skólastjóra
- Starfsáætlun Flúðaskóla
- Formáli skólastefnu
- Erindisbréf
- Skýrsla leikskólastjóra
- Starfs- og endurmenntunaráætlun Undralands

Fundardagskrá

Málefni Flúðaskóla

1. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla(a)

Skýrsla skólastjórnenda nóvember 2023

Dagana 23. – 28. október fór 10. bekkur í vel heppnaða Danmerkurferð ásamt 3 kennurum og foreldrum. Skólinn fékk styrk frá Nordplus junior fyrir hluta ferðarinnar vegna verkefnisins „Slam“ sem er unnið í samstarfi við Seyrustaði. Úrdáttur um verkefnið er á heimasíðunni [seyra.is](#)

Skólafólk frá Þýskalandi og Hollandi heimsótti okkur í nóvember. Sérstaklega ánægjulegt var að geta tekið á móti Hollendingunum á endurbættri 2. hæð skólans.

Árshátíð yngsta- og miðstígs var haldin miðvikudaginn 9. nóvember og léku nemendur leikritið Emil í Kattholti.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur þann 16. nóvember. Af því tilefni var haft opið hús í skólanum og boðið upp á vöflur. Gunnar Helgason var skáldið sem tekið var fyrir í ár og kom hann sjálfur á staðinn. Fyrir hádegi, sama dag, var okkar árlega Halldórmót í skák haldið í 16. sinn.

Smíðjur unglínga og miðstígs voru haldnar 2. – 3. nóvember. Unglingarnir fóru í menningarferð til Reykjavíkur og gistu þar eina nótt. Miðstigið kom hingað á Flúðir þann 3. nóvember, þar sem skipulögð dagskrá var höfð frá kl. 9 – 11:30

22. nóvember kom Þorgrímur Þráinsson til okkar með fyrirlesturinn „Verum ástfangin af lífinu“ fyrir 10. bekk. Einnig hélt hann fyrirlestur fyrir kennara í lok dags.

Starfsdagur 23.nóv. Við fengum þá til okkar Ingvar Sigurgeirsson og Lilju M. Jónsdóttur, ásamt gestakennurum, með námskeið um teymiskennslu. Dagskrá námskeiðsins má sjá nánar á [skolastofan.is](#)

Opin vika er haldin mína vikuna 27. - 30.nóvember. Þá er aðstandendum boðið að koma og taka þátt í skólastarfinu með okkur.

Breytingar verða næstu áramót hjá starfsmönnum í mötuneyti.

Farið yfir málefni nemenda.

2. Starfsáætlun Flúðaskóla(b)

Skólanefnd samþykkir starfsáætlun með þeim breytingum sem ræddar voru.

3. Kynning á vinnutímastyttingu í Flúðaskóla skólaárið 2023-2024

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 19. október sl. var tekið fyrir bréf frá vinnuhóp Flúðaskóla um vinnutímastyttingu. Tillaga starfshópsins var samþykkt á sveitarstjórnarfundinum og hvatt var til samtals um vinnutímastyttingu skólaársins 2024-2025.

Sameiginleg málefni

4. Kynning sveitarstjóra á fjárhagsáætlun Flúðaskóla og Undralands

Aldís sveitarstjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun skólanna fyrir árið 2024 og gjaldskrár fyrir árið 2024. Farið var yfir stöðuna og rætt um einstaka liði.

M.S

JR

KP

EH

Jeni

UG

JLA

AA

HE

DUB

BSH